

**Frá Félagi skólasafnskennara**

**Ályktun um skólamál – skólasafnskennarar**

Þriðji aðalfundur Félags grunnskólakennara tekur afar mikilvægt að allir nemendur hafi aðgang að skólasafni og þeirri sérfræðiþekkingu sem þar er að finna.

Nú tíma skólasafn er þekkingarmiðstöð þar sem gamlir og nýir miðlar mætast. Í þekkingarsamfélaginu er aðgegni að upplýsingum mikið og aldrei hefur verið eins brýnt og nú að kenna nemendum öflun upplýsinga úr hinum ýmsu miðlum og úrvinnslu þeirra.

Á undanförunum árum hefur starf kennara á skólasöfnum aukist og breyst til muna í samræmi við þróun og breytingu á kennsluháttum. Það hefur kallað á meiri sérhæfingu í starfi og er því þörf á að við skólana starfi kennarar/bókasafnsfræðingar með sérmenntun um skólasöfn og kennslu. Þeir kenna nemendum að afla upplýsinga og vinna úr þeim, veita nemendum og kennurum ráðgjöf varðandi bækur, notkun upplýsingaveitna, upplýsingaöflun og úrvinnslu.